

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2	Áfangaeiti MYL 603	
	Námsáætlun VOR 2016	

LOKAVERKEFNI

Kennari	Helga Björg Jónasardóttir	Sk.st.	HBJ
	Viðtalstími: MIÐVIKUDAGA kl. 9:40 – 10:20 <i>í kennarastofu listnámsbrautar</i>	Netfang	hbj@vma.is
		Sími	898 6202

Áfangalýsing:

Í áfanganum eiga nemendur að útfæra verk eftir eigin hugmynd og velja miðil eftir eigin áhugasviði. Nemendur geta valið að dýpka skilning á miðlum sem þeir hafa áður kynnst eða kynnt sér nýja. Nemendur skulu skipuleggja heildarvinnuferlið, frá hugmynd að endanlegri niðurstöðu, verki sem þeir sýna í lok annar. Verkið skal uppfylla kröfur um hugmyndaauðgi, listræna framsetningu og góðan frágang. Nemendum er frjálst að leita fanga eins víða og þeir telja nauðsynlegt til að ná fram settum markmiðum. Í lok áfangans eiga nemendur að draga reynslu sína saman í skriflegri greinargerð.

Markmiðið er að nemandinn:

- hafi þjálfast í sjálfstæðum, faglegum og skapandi vinnubrögðum
- sé fær um að taka sjálfstæðar ákvarðanir um verkefnaval og í úrvinnslu
- geti sett fram vinnuáætlun, fylgt henni og greint verkþætti
- auki færni sína í að vinna vandaða hugmyndavinnu á því formi sem hentar honum
- sýni fram á að hann geti endurmetið hugmyndir sínar og tekið tillit til breytinga í framkvæmd
- sé fær um að fjalla um eigin verk og annarra á greinargóðan og gagnlegan hátt

Námsgögn:

Bækur, tímarit og vefsíður sem tengjast hugmyndum og vinnuferli hvers og eins.

Efni: Nemendur velja þann miðil sem þeim hentar, útvega efni sjálfir og greiða fyrir það.

Mjög mikilvægt er að nemendur vinni heimavinnu jafnt og þétt á milli tíma til að ná settum markmiðum og árangri.


Áætlun um yfirferð:

Verkáætlun: Í upphafi áfangans skulu nemendur vinna verkáætlun og skila til kennara. Verkáætluninni er ætlað að vera stuðningur í vinnuferli sem getur breyst og próast.

Skissubók: Rík áhersla verður lögð á að nemendur vinni skissu- og hugmyndavinnu á markvissan hátt þannig að hann skrá t.d. ferlið, hugsanir, þælingar, mögulegar tengingar og geri á þann hátt ferlið sýnilegt. Nemendur nota þetta við gerð greinargerðarinnar í lok áfangans.

Umræður: Jafnt og þétt verða umræður um vinnu einstaklingslega og í hóp. Haldnir verða fundir með hópnum og nemendur skrá sig í einstaklingsviðtöl hjá kennara (*sjá töflu*).

Sýning: Í lok áfanga setja nemendur upp sýningu á verkum sínum og undirbúa hana í samráði við samnemendur sína. Nemendur skipta með sér verkum við undirbúning hennar og uppsetningu.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Utgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2	Áfangaheiti MYL 603	
	Námsáætlun VOR 2016	

Greinargerð: Nemendur skila skriflegri greinargerð í lok áfanga þar sem fram koma forsendur fyrir vali á viðfangsefni, hugmynd, lýsing á þróun og ferli auk afstöðu höfundar til niðurstöðu sinnar.

VIKA	DAGS.	DAGSKRÁ	VIKA	DAGS.	DAGSKRÁ
2	11. janúar	Fundur + Skipulagning annarinnar	11	14. mars	Stöðufundur + yfirferð/Ketilhúsið
3	18. janúar -	Hugmyndavinna í tíma <i>Drög að verkáætlun kynnt</i>	12	21.-28. mars	Páskafrí
4	25. janúar	Hugmyndavinna í tíma	13	29.mars -1.apr	Einstaklingsviðtöl
5	1.febrúar	Hugmyndavinna í tíma	14	4. apríl	Lokayfirferð fyrir sýningu og sýningarundirbúningur
6	8.febrúar	Hugmyndavinna í tíma SKIL á verkáætlun	15	11.-15.apríl	Einstaklingsviðtöl
7	15. febrúar	Stöðufundur og hópyfirferð	16	18. apríl	Lokayfirferð og skil
8	22. - 26. feb	Einstaklingsviðtöl	17	25.- 29. apríl	Sýningarundirbúningur og uppsetning
9	29.febr -4. mars	Einstaklingsviðtöl	18-19	30.apr-15. maí	Sýning í Ketilhúsi
10	7. - 11. mars	Einstaklingsviðtöl	9. maí skil á greinargerð,dag/skissubók og ferilmöppu		

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing	Vægi
Verkáætlun	Skipulag nemandans yfir vinnu annarinnar	5%
Skissubók og Feilmappa Greinargerð	Dagbókarfærslur yfir vinnu nemandans og allar skissur + öll þróunar- og hugmyndavinna sett fram á aðgengilegan hátt Samantekt á þeim þáttum sem leiddu til loka niðurstöðu	20%
Sýningarundirbúningur	Þátttaka nemandans í undirbúningi sýningar og upphengi	5%
Lokaverk	Lokaniðurstaða vinnu nemandans í áfanganum	15%
Yfirferð með prófdómurum	Yfirferð kennara áfangans og annarra kennara brautarinnar	35%
Uppsetning og frágangur	Uppsetning í sýningarrými og frágangur á loka niðurstöðu	15%

ATH ! SKILAVERKEFNI SKULU SÖTT Á SÝNIDEGI PRÓFA. (26. MAÍ.)

Með fyrirvara um breytingar. Gangi ykkur vel !

*art makes
everything
awesome*

Dagsetning:

5/1 '16
Helga Björg Jónsdóttir
Undirritun kennara

Venja Lege
Undirritun brautarstj./fagstj eða staðgengils